

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. október 2014

Efni: Tillaga til þingsályktunar um vistkerfi fyrir hagnýtingu internetsins og réttarvernd netnotenda (16. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu til þingsályktunar. Með henni er lagt til að Alþingi feli ríkisstjórninni að skipa starfshóp til að móta stefnu um að skapa Íslandi vistkerfi eins og best verður á kosið fyrir hagnýtingu internetsins og annarrar upplýsingatækni ásamt því að verja réttindi netnotenda og gera nauðsynlegar lagabreytingar til að innleiða stefnuna.

Viðskiptaráð tekur undir markmið þingsályktunartillögunnar. Fyrir lítil og afskekkt lönd á borð við Ísland er mikilvægt að viðhalda góðum tengingum við alþjóðlega markaði. Slíkar tengingar eru grundvöllur vaxtar og framgangs alþjóðlegrar starfsemi hérlendis. Af þeim sökum er rökrétt að endurskoða lagaumhverfið líkt og kveðið er á um í þingsályktunartillögunni. Við endurbætur á löggjöfinni er rétt að hagsmunir notenda séu hafðir í fyrirrúmi, án þess þó að réttindi rétthafa séu virt að vettugi eða opnað sé fyrir flæði ólöglegs efnis.

Enn fremur tekur Viðskiptaráð undir þau sjónarmið sem koma fram í greinargerð starfshóps iðnaðar- og viðskiptaráðherra um hagnýtingu internetsins í þágu nýsköpunar og atvinnuþróunar. Því styður ráðið að byggt verði á vinnu hópsins við mótun stefnu um vistkerfi fyrir hagnýtingu internetsins. Þá væri Viðskiptaráð reiðubúið að skipa mann í starfshóp til að vinna að markmiðum tillögunnar, eins og gert er ráð fyrir í henni.

Viðskiptaráð leggur því til að þingsályktunartillagan nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,



Marta Guðrún Blöndal
Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands